




Þórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, svið umhverfismats
Skipulagstofnun
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

 Skipulagstofnun
Mótt.: 11 nóv. 2021
Málnr. 202107057

Reykjavík, 11.11.2021

Landhelgisgæslunni (LHG) hefur borist tölvupóstur frá Skipulagstofnun þar sem fylgja með gögn er varða breytingartillögur framkvæmdaaðila í tengslum við eldissvæði í Reyðarfirði m.t.t. ýmissa þátta. LHG telur siglingaöryggi um fjörðinn vera þann þátt sem stofnuninni beri að fjalla um og gera athugasemdir varðandi.

Viðeigandi sérfræðingar LHG á sviði siglingaöryggis hafa yfirfarið gögnin og fjallað um verkefnið og komist að að þeirri niðurstöðu að miðað við núverandi stærð og umfang eldissvæðanna þá nái þau út að mörkum afmarkaðra siglingaleiða um fjörðinn. Siglingaleiðirnar eru enn fremur afmarkaðar með vitageirum vitanna í Vattarnesi, Seley og Grímu sem leiða skipaumferð um svæðið.


Siglingaferlar eins og koma fram í vefsíðni „Fjarðarbyggð, Nýting hafsvæða“ <https://geo.alta.is/fjb/haf/> og byggðir eru á gögnum fengnum frá stjórnstöð LHG / vaktstöð siglinga gefa mynd af því hvernig siglingum er háttað um fjörðinn. Ljóst er að ef eldissvæðin verða stækkuð til suðurs eða norðurs þá munu þau þrengja verulega að umferð skipa.


Það eru að sjálfsögðu bein tengsl á milli öruggrar siglingaleiðar um fjörðinn og vitageiranna og þeirra upplýsinga sem fram koma í tengslum við siglingaferlana.

Það er því niðurstaða LHG að ekki séu forsendur fyrir frekari stækkun eldissvæðanna út í fjörðinn hvort sem þau eru staðsett að norðan- eða sunnaverðu. LHG ráðleggur að ef stækkun þurfi / eigi að vera heimiluð þá verði hún gerð í framhaldi af núverandi svæðum meðfram strandlengju í vestlægar eða austlægar stefnur.

Meðfylgjandi eru kort sem skýra afstöðu LHG.

Virðingarfyllst,


Ásgrímur L. Ásgrímsson
Framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs



Sigmundarhús

Ný mörk ná út í hvíta geirann (um 820 m) sem Vattarnesvíti markar um Reyðarfjörð (hvítur geiri = örugg siglingaleið)

Bjarg

Ný mörk ná út í miðjan hvíta geirann (um 720 m) sem Vattarnesvíti markar um Reyðarfjörð (hvítur geiri = örugg siglingaleið)

Gripaldi

Ný mörk ná út í hvíta geirann (um 520 m) sem Vattarnesvíti markar um Reyðarfjörð (hvítur geiri = örugg siglingaleið)

**Breytingar á eldisfyrirkomulagi
Laxa fiskeldis í Reyðarfirði
skv. skýrslu: RORUM 2021 006**

triði til skoðunar varðandi áformaðar breytingar á starfsemi Eldissvæði við Sigmundarhús, Gripalda, Bjarg og Vattarnes verði rýmkuð.

Vattarnes

Ný mörk ná út í hvíta geirann (um 340 m) sem Vattarnesvíti markar um Reyðarfjörð (hvítur geiri = örugg siglingaleið)

Vattarnes

Ný mörk ná út í hvíta geirann (um 340 m) sem Vattarnesvíti markar um Reyðarfjörð (hvítur geiri = örugg siglingaleið)


Ytra svæði nær út í hvíta geirann - dýpi reyndar mikið en samt ástæða til að benda á þetta

A (Kolmúli og Rifsker)

B (Vattarnes)

C (Hafranes)

Laxar eignarhaldsfélag ehf.
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1152
Leyfið gildir til: 6.10.2036
[gildi frá: 6.10.2020
Sjókviældissvæði:
A (Kolmúli og Rifsker)
B (Vattarnes)
C (Hafranes)
[rekstrarleyfi eru hnit á:
innra svæði [kvíar]
Ytra svæði [festur]



Skipulagsstofnun


Borgartún 7b
105 Reykjavík
Þórdís Stella Erlingsdóttir

**Efni: Umsögn vegna breytinga á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, „*Breyting á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði*“, frá: 13.10.2021.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við breytingar á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði, ef breytingar hafa áhrif á siglingaleiðir þá skal haft samráð við Vegagerðina.

Síða 1/1




Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Daði Gils Þorsteinsson
Deildarstjóri tæknideildar austursvæði

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Hafnarfirði, 16.11.2021
MFRI: 2021-10-0278

Efni: Breytingar á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 13. október 2021. Laxar fiskeldi ehf. hefur sent tilkynningu um ofangreinda framkvæmd til Skipulagsstofnunar skv. skv. 19. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun óskar eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um framkvæmdina í samræmi við 20 gr. laga nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Laxar fiskeldi ehf. (Laxar) hafa útgefnar eldisheimildir í Reyðarfirði upp á samtals 16.000 tonn. Óskar fyrirtækið eftir því að sameina tvö rekstrarleyfi og tvö starfsleyfi í eitt rekstrarleyfi og eitt starfsleyfi fyrir allan fjórðinn eins og það er sett fram í tilkynningunni með erindinu. Breytingar á svæðum fyrirtækisins eru meðal annars þannig að eldissvæðin verði rýmkuð til þess að betur megi koma fyrir bæði kvíabúnaði og festingum. Áætlanir fyrirtækisins eru nú að setja út 200 g. seiði (lágmarksstærð) en að það gæti komið upp sú staða að nauðsynlegt verði að setja 60 g. seiði (lágmarksstærð) út í stað 200 g. seiðanna. Hvíldartími skal verða stytur niður í 3 mánuði úr 12 mánuðum. Umfang eldis er óbreytt og fer ekki yfir þær hömlur sem burðarþol og áhættumat erfðablöndunar setur fyrir fjórðinn.

Skipulagsstofnun (tilvísun: 201704053) hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifa vegna aukinnar framleiðslu á laxi í Reyðarfirði um 10.000 tonn á vegum Laxa fiskeldis ehf. Í því mati hefur verið fjallað um athugasemdir Hafrannsóknastofnunar (tilvísun: 2018-0013-21.09.01) og þær ábendingar sem komu til á þeim tíma. Þó skal taka fram að í því máli var ekki fjallað um styttingu hvíldartíma, minni stærð seiða eða núverandi hugmyndir um breytingu á eldissvæðum. Laxar telja hins vegar að þær breytingar sem hér eru kynntar séu ekki líklegar til þess að hafa í för með sér breytingar á umhverfisáhrifum frá því sem áður hefur verið fjallað um í áliti Skipulagsstofnunar frá 4. janúar 2019.

Stytting hvíldartíma

Laxar miða að því að hvíldartími verði stytur úr 12 mánuðum í 3 mánuði. Um er að ræða mikla breytingu hér frá því sem nú er í gildandi rekstrarleyfi og þeim forsendum sem lágu fyrir þegar mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var gert. Samkvæmt reglugerð (46. gr. nr. 540/2020) um fiskeldi skal hvíldartími milli eldislota vera að lágmarki 90 dagar. Um er að ræða ákvæði sem byggir á vörnum gegn smitsjúkdómum í eldi en ekki ákvæði tengt uppsöfnun lífrænna leifa.

Í tilkynningunni er mat framkvæmdaaðila á áhrifum styttri hvíldartíma sett fram á eftirfarandi hátt: *ekki er talið að styttri hvíld eldissvæða í firðinum muni auka verulega lífrænt álag í firðinum eða breyta umtalsvert áhrifum starfseminnar á ástand sjávar m.t.t. áhrifa á botnset, næringarefnauðgunar eða súrefnisástands sjávar.* Enn fremur kemur fram eftirfarandi: *með styttingu hvíldar eldissvæða er gert ráð fyrir að botnset og botndýralíf verði áfram talsvert neikvæð en staðbundin, en þau verði óveruleg þegar horft er til stærra svæðis.*

Orðalag í tilkynningunni um að *ekki verði veruleg aukning á lífrænu álagi í firðinum* eru misvísandi þar sem líta skal sérstaklega til staðbundinna áhrifa undir og við eldiskvíar þegar verið er að meta hvíldartíma eldissvæða. Framkvæmdaraðili þarf að meta sérstaklega eldissvæðin sjálf og næsta nágrenni þeirra m.t.t. breytingar á hvíldartíma.

Hafrannsóknastofnun bendir á að almennt sé ákveðin óvissa um það hversu langan tíma botn undir og við eldiskvíar þurfi til þess að ná viðunandi ástandi eftir eldislotu. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að sá tími getur verið allt frá nokkrum vikum upp í nokkur ár^{1,2}. Hafrannsóknastofnun er sammála framkvæmdaraðila að lengd hvíldartíma þarf að ákvarða út frá umhverfisaðstæðum og eldisstarfssemi á hverjum stað fyrir sig, eins og fram kemur í tilkynningunni um framkvæmdina. Mikilvægt er að sett verði gæðaviðmið um hvaða ástandi botn þarf að ná áður en ný eldislota hefst á eldissvæði og að hvíldartími verði aðlagður í hverju tilviki.

Hingað til hefur áherslan verið á hver áhrifin eru á botn eldissvæða milli einstakra eldislota. Bent er á að langtímabreytingarnar á botndýralíf geta orðið talsverðar ef þaueldi stendur í langan tíma og hvíldartími er ekki nægur.

Eldissvæðin verða vöktuð skv. vöktunaráætlun sem samþykkt verður af Umhverfisstofnun og byggir á ISO stöðlum. Reynsla er komin af eldi í Reyðarfirði og er rétt að byggja á niðurstöðum úr þeim vöktunum sem þar hafa farið fram til þessa fyrir þessi tilteknu eldissvæði ásamt nýrri þekkingu sem til kann að vera. Í tilkynningunni undir kaflanum „vöktun eldis í Reyðarfirði“ er fjallað um staðbundnar vaktanir sem Náttúrustofa Austurlands hefur gert fyrir Laxa. Umfjöllunin í tilkynningunni um vöktunarniðurstöður frá Reyðarfirði er það óljós og misvísandi að ekki er hægt að draga ályktanir um raunveruleg áhrif eldisins þar sem ekki kemur fram hve mikill lífmassi hafði verið alinn á eldissvæðunum né hversu lengi eldissvæði höfðu verið virk eða í hvíld þegar sýnataka fór fram. Þá eru þau viðmið sem notuð eru í tilkynningunni til að meta áhrif álagsins á lífríki botnsins óljós.

¹ Wan Hussin WMR, Cooper KM, Froján CRSB, Defew EC, Paterson DM. 2012. Impacts of physical disturbance on the recovery of macrofaunal community: A comparative analysis using traditional and novel approaches. *Ecological Indicators*. 12, 37-45.

² Keeley NG, Macleod CK, Hopkins GA, Forrest BM. 2014. Spatial and temporal dynamics in macrobenthos during recovery from salmon farm induced organic enrichment: When is recovery complete? *Marine Pollution Bulletin*. 46, 250-262.

Hafrannsóknastofnun telur að stytting hvíldartíma milli eldislota/kynslóða sé líkleg til þess að hafa aukin neikvæð áhrif á botnsset á kvísvæðum. Gera þarf grein fyrir þessum mögulegu umhverfisáhrifum af styttingu hvíldartíma, til lengri og styttri tíma.

Stækkun eldissvæða

Eldissvæði við Sigmundarhús, Gripöldu, Bjarg og Vattarnes verða rýmkuð ef breytingin nær fram að ganga. Hafrannsóknastofnun bendir á að Reyðarfirði er nú skipt í tvö vatnshlot og að ástand hvors fyrir sig verður metið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Hafa þarf þessa skiptingu í huga við mat á hve stórt hlutfall af hafsbotni verður undir álagi vegna fiskeldisins.

Breytingar á lágmarks stærð seiða

Laxar óska eftir því að í leyfum þeirra verði lágmarks seiðastærð til útsetningar 60 g. í stað 200 g. eins og tilgreint er í núverandi rekstrarleyfi. Í tilkynningunni kemur fram, líkt og í matsskýrslu vegna 10.000 tonna viðbótareldis í Reyðarfirði, að Laxar fiskeldi leggi upp með útsetningu stórseiða. Fyrirtækið telur hins vegar að þörf sé á auknum sveigjanleika í rekstri og sækir því um að hafa heimild til þess að setja út minni seiði. Í tilkynningunni kemur fram að ekki sé talið að aukin umhverfisáhrif hljótist af útsetningu minni seiða og er sú ályktun framkvæmdaraðila dregin af uppfærðu áhættumat efrðablöndunar. Þrátt fyrir að búið sé að uppfæra áhættumat efrðablöndunar er ekki hægt að fullyrða að engar breytingar verði á umhverfisáhrifum við breytingu á lágmarksstærð seiða. Vísað er til umsagnar Hafrannsóknastofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna fyrirspurnar um hvort hætta á efrðablöndun væri sambærileg eða meiri þegar slyssleppingar ættu sér stað ef um væri að ræða ~56 g. seiði miðað við 200 g. seiði (lágmarksstærðir) (málsnúmer: MFRI 2021-04-0113). Þar kom fram að líkur á göngu og endurheimt laxa í veiðiár, þegar um slyssleppingar/snemmstrok væri að ræða, væri minna með aukinni stærð seiða við útsetningu. Umsögnin byggir á sömu tækniskýrslu og uppfært áhættumat efrðablöndunar þar sem fram kemur að meiri líkur séu á að 60 g. seiði (lágmarksstærð) úr snemmbúnu stroki geti gengið í ár miðað við 200 g. seiði³. Gera má ráð fyrir að eldistími í sjó sé lengri ef lítil seiði eru sett út í eldiskvíar samanborið við að ef stærri seiði væru sett í eldiskvíarnar. Því lengist það tímabil sem seiði/fiskar geta sloppið úr eldiskvíum. Lífslíkur smærri seiða sem sleppa að vori eru meiri en lífslíkur stærri seiða/fiska sem sleppa. Einnig er hæfni fiska til að rata af beitarsvæðum betri hjá fiskum sem sleppa smáir miðað við fiska sem sleppa seint á lífsferlinum. Hafrannsóknastofnun tekur ekki undir með framkvæmdaraðila að ekki sé líklegt að aukin umhverfisáhrif hljótist af útsetningu minni seiða.

Gefa þarf upp hversu mikið hlutfall af smáum seiðum (lágmark 60 g.) verður sett í kvíar og hversu mikið hlutfall af stærri seiðum (lágmark 200 g.). Það kemur fram í tilkynningunni að um varúðarráðstafanir sé að ræða svo fyrirtækinu gefist svigrúm til þess að setja út smærri seiði ef upp koma óvæntar áskoranir sem gætu krafist þess að seiði verði sett út fyrr en eldisáætlanir gera ráð fyrir. Ekki kemur fram hvaða áskorana vísað er til eða hvernig útsetning minni seiða sé varúðarráðstöfun miðað við útsetningu stærri seiða/fiska.

³ Hætta á göngu strokulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiár. Tækniskýrsla Hafrannsóknastofnunar. 2020. 45 síður.

Niðurstaða

Hafrannsóknastofnun telur að líkur séu á að þessar breytingar á fyrirkomulagi eldis í Reyðarfirði muni hafa meiri umhverfisáhrif í för með sér en framkvæmdaraðili gefur til kynna í sinni tilkynningu og að um verulega breytingu sé að ræða frá þeim forsendum sem voru settar við mat á umhverfisáhrifum á 10.000 tonna eldis í Reyðarfirði. Stofnunin telur einnig að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum ákveðinna þátta breytinganna né mótvægisáðgerðum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Selfoss, 17. nóvember 2021
Tilvísun: 2110314

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um breytingu á eldisfyrirkomulagi Laxa fiskeldis í Reyðarfirði

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 13. október, vegna sameiningu rekstrarleyfa og breytinga á eldissvæðum, hvíldartíma og seiðastærð hjá Laxar fiskeldi í Reyðarfirði. Rekstrarleyfi Laxa fiskeldis FE-1044 í Reyðarfirði var gefin út 15. mars 2012, heimilar 6.000 tonna framleiðslu árlega á eldissvæðum Gripalda, Sigmundarhús og Bjargi. Rekstrarleyfi Laxa fiskeldi FE-1180 var útgefið þann 24. júní 2021 og heimilar 10.000 hámarkslífmassa á þremur sjókvíældissvæðum á fjórum eldissvæðum; Rífsker, Kolmúla, Vattarnes og Hafranes.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fíksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í tilkynningu Laxa fiskeldis kemur fram að fyrirtækið áformi að sameina rekstrarleyfin tvö í eitt rekstrarleyfi án þess að auka umfang eldisins og verður lífmassi að hámarki 16.000 tonn. Fyrirtækið óskar eftir að breyta eldissvæðum þannig að eldisbúnaður og festingar rúmist betur innan eldissvæða með tilliti til aðstæðna. Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir við þær breytingar en bendir á að passa þurfi upp á siglingaleiðir inn fjörðinn. Jafnframt kemur fram í tilkynningu Laxa fiskeldis að miðað verði við að setja út seiði sem eru 60g að stærð í stað 200g sem heimilt er nú í rekstrarleyfum. Matvælastofnun vill að það komi skýrt fram að um lágmarksþyngd útsettra seiða sé að ræða og bendir á að skv. áhættumati Hafrannsóknastofnunar frá 2020 skal lágmarksstærð sérhvers seiðis aldrei vera minna en 60g og að ný eldisseiði skulu aldrei sett í netpoka með stærri möskva en 18 mm legg (1/2 möskvi).


Að auki segir í tilkynningunni að nýting eldissvæða eftir árgöngum verði breytt og hvíldartími eldissvæða stytur í 90 daga og er það í samræmi við 46. gr. rgl. nr. 540/2020. Matvælastofnun bendir á að í útsetningaráætlun vantar áætlun um útsetningu seiða á eldissvæðið Rífsker. Að auki telur stofnunin að fyrir útgáfu á breyttu rekstrarleyfi þurfi að endurskoða útsetningaráætlun og endurskoða sjókvíældissvæði Reyðarfjarðar vegna smitsjúkdómavarna, þar sem stutt er á milli eldissvæða og ekki gætt að straumstefnu. Samkvæmt áætluninni á að setja út seiði í Hafranesi (C) og Bjargi (A) árið 2022, Kolmúla (A) og Gripalda (C) árið 2023 og í Vattarnesi (B) og Sigmundarhúsum (B) árið 2024 en bókstafir innan sviga vísa til sjókvíældissvæða. Skv. reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi er sjókvíældissvæði skilgreint sem: *Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíældi þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi eldisfisks hverju sinni og möguleiki er að fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfræki sjókvíældisstöðvar á sama svæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu seiða og hvíld svæðisins. Afmörkun sjókvíældissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna á dreifingu sjúkdómvalda.*

Verði ofangreindu gerð skil telur stofnunin ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Vigdís Sigurðardóttir
Vigdís Sigurðardóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík
Þórdís Stella Erlingsdóttir

 Skipulagsstofnun
Mótt.: 19 nóv. 2021
Málnr. 202101101



Efni: Viðbótarumsögn vegna breytinga á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, „Breyting á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði, frá: 13.10.2021. Vegagerðin sendi Skipulagsstofnun umsögn 12.11.2021.

Vegagerðin hefur farið yfir fyrirhugaða breytingu á staðsetningu sjóeldiskvía í Reyðarfirði. Vakin er athygli á að ný Hafnarreglugerð nr. 835/2020 fyrir Fjarðabyggðarhafnir, tók gildi 20. 08. 2020, með þeim breytingum lenda allar umræddar sjóeldiskvíar innan hafnarmarka Reyðarfjarðarhafnar.

Hlutverk Vegagerðar, skv. lögum nr. 132/1999, er að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis á siglingaleiðum við strendur landsins og sjá til þess að þessar siglingaleiðir séu rétt merktar og fullnægjandi fyrir siglingar.

Jafnframt skv. sömu lögum II. Kafla 8. mgr. getur Vegagerðin krafist hafnarstjórn um vita og önnur leiðarmerki sem Vegagerðin telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

Vattarnesviti L4734 er landsviti sem markar siglingaleiðir út fjörðinn með hvítum ljósgeira.

Tillaga að breyttri staðsetningu sjóeldiskvía veldur því að þær lenda í markaðri siglingaleið innan hafnarsvæðis.

Þar sem breytt lega kvía lendir í merktri siglingaleið, þá leggst Vegagerðin gegn breytingunni þangað til sýnt er fram á hvernig hafnarstjórn áætla að breyta núverandi merkingum siglingaleiðar um fjörðinn og áhættumeta m.t.t. legu fastra kvía á siglingaleið og merkingar og stærð og fjölda skipa sem nota fjörðinn.


Síða 1/2

Vegagerðin
Búðareyri 11-13
730 Reyðarafirði
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

Ennfremur bendir Vegagerðin á að Reyðarfjarðarhöfn er skilgreind sem neyðarhöfn og merkingar þurfa að vera fullnægjandi við verstu veðurskilyrði og merktar siglingaleiðir án manngerðra hindrana.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Daði Gíls Þorsteinsson
Deildarstjóri tæknideildar
austursvæði




Síða 2/2

Greipur Gísli Sigurðsson
Verkefnastjóri Þjónustusviði

Vegagerðin

Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Reykjavík, 26. nóvember 2021
UST202111-185/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – breytingar á eldisfyrirkomulagi – Laxar fiskeldi ehf. í Reyðarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Laxar fiskeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) stundar laxeldi í sjókvíum í Reyðarfirði. Rekstraraðili hefur tvö starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi í firðinum, annars vegar fyrir 6.000 tonna framleiðslu á ári á svæðunum Gripalda, Sigmundarhúsi og Bjargi og hins vegar fyrir 10.000 tonna lífmassa á hverjum tíma á svæðunum Hafranesi, Kolmúla, Vattarnesi og Rífskeri.

Rekstraraðili fyrirhugar að sækja um sameiningu tveggja starfsleyfa og tveggja rekstrarleyfa í eitt starfsleyfi og eitt rekstrarleyfi fyrir 16.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Aðrar áformaðar breytingar eru að hvíldartími verði stytur úr 12 mánuðum í 90 daga, innri reitur eldissvæða verði felldur niður, eldissvæði við Sigmundarhús, Gripalda, Bjarg og Vattarnes verði rýmkuð og lágmarksstærð seiða verði minnkuð úr 200 g í 60 g.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu segir að fyrirhugaðar breytingar séu hagræðingar á rekstri og ekki sé um að ræða breytingar á umfangi eða eðli eldisins. Áfram verði gert ráð fyrir að sett verði út seiði sem eru að lágmarki 200 g, þó með möguleika á að setja út 60 g seiði ef upp koma óvæntar aðstæður. Lágmarkshvíldartíminn verður 90 dagar, sbr. 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, þó að jafnaði verði svæði hvíld lengur, sbr. mynd 3 í tilkynningarskýrslu. Þá segir að þessi breyting sé til að bregðast við tilfellum þar sem nauðsynlegt er að setja út seiði fyrr en áætlanir geri ráð fyrir, að því gefnu að botnlag hafi náð fullnægjandi hvíld skv. niðurstöðum vöktunarmælinga.

Umhverfisstofnun telur að þær breytingar sem eru fyrirhugaðar séu ekki líklegar til að hafa neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til. Stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir starfseminni og hefur eftirlit með henni m.t.t. áhrifa hennar á umhverfi.



UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi mun verða ákvæði þess efnis að stofnunin geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Mikilvægt er að rekstraraðili útbúi áætlanir um hvað gert verði við seiðin ef mælingar sýna að nauðsynlegt er að fresta útsetningu.

Umhverfisstofnun minnir á að sækja þarf um starfs- og rekstrarleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga. Umhverfisstofnun minnir á að málskraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfis er allt að 240 dagar.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfelli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.


Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst var í upphaflegu umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur




FISKISTOFA
TRAUÐ · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 · fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Hafnarfjörður 3. desember 2021
Tilv. 2021-10-13-2590/2.5.0


Efni: Varðar breyting á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði Laxar fiskeldi ehf

Með tölvupósti þann 13. október s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða breyting á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði Laxar fiskeldi ehf. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að breytingarnar varði sameina á tvö rekstrarleyfi í eitt og að til standi að fjarlægja innri reiti þeirra eldissvæða sem eru yst í firðinum svo koma megi eldisbúnaði betur fyrir með tilliti til aðstæðna á hverju eldissvæði. Ekki verður breyting á umfangi eldis eftir breytinguna.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til eru einkum áhrif vegna mögulegra slysasleppinga og einnig mögulegu smiti frá eldisstöð í villta fiska. Fiskistofa fær ekki séð að kynnt áform muni hafa áhrif á þá þætti.


Miðað við forsendur í fyrirliggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að Breytingin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa


Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Fjarðabyggð, 10. nóvember 2021
Tilvísun 2110104/13.0

Umsögn Fjarðabyggðar vegna breytinga á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði

Skipulagsstofnun hefur sent Fjarðabyggð meðfylgjandi tilkynningu sem var móttækin 14. október 2021 þar sem segir;

Laxar fiskeldi ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 13. október 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Fjarðabyggð gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Fjarðabyggð telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Fjarðabyggð telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Aðalskipulag – stefna Fjarðabyggðar

Sveitarfélagið Fjarðabyggð fagnar áhuga einkaaðila á atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Fiskeldi í fjörðum Fjarðabyggðar samrýmist stefnu sveitarfélagsins, en til að fiskeldi geti verið í fjörðunum út frá hugmyndum um sjálfbærni hefur Fjarðabyggð lokið við gerð nýtingaráætlunar fyrir firði Fjarðabyggðar.

Framkvæmdasvæði

Fjarðabyggð vill benda á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan hafnarsvæðis í Reyðarfirði og því ítrekað að tekið sé tillit til hafnarreglugerðar nr. 835/2020 fyrir Fjarðabyggðarhafnir við alla þætti framkvæmda auk reksturs.



Siglingaleiðir

Mikilvægt er að staðsetning, framkvæmdir og vinna við fyrirhugað eldissvæði nái ekki inn á siglingaleiðir og valdi ekki truflunum á siglingum í Reyðarfirði. Í viðkomandi tilfelli þar sem sótt er um breytingu á eldisfyrirkomulagi í Reyðarfirði leggur sveitarfélagið áherslu á mikilvægi siglingaleiða inn til Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og ekki sé þrengt að þeim. Núverandi eldissvæði hafa ekki haft áhrif á þær en mikilvægt er að ef til breytinga komi á legu þeirra sé slíkt rýnt mjög vel. Fjarðabyggð hefur fengið upplýsingar frá umsækjenda þar sem fram kemur að framkvæmdir miði við að sjókvíar séu við sömu staðsetningar og staðarmörk og nú er. Einungis sé verið að breyta staðsetningu akkerisfestinga í botni sem ekki eigi að hafa áhrif á siglingaleiðir. Því er mikilvægt að skýrt sé með hvaða hætti festingar við akkeri munu vera og staðsetning þeirra skapi ekki hættu fyrir núverandi og komandi siglingar um Reyðarfjörð og eldissvæðin.

Á Eskifirði er öflugur sjávarútvegur og í Reyðarfirði er ein af stærri umskipunarhöfnum landsins. Greið aðkoma þarf að vera fyrir stór skip að báðum þessum höfnum ásamt því að Reyðarfjarðarhöfn er skilgreind neyðarhöfn samkvæmt reglugerð nr. 614/2014.

Tryggja verður öryggi siglinga, árekstrar hverskonar við eldisbúnað hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar eins og mengun, sleppingu á fiski auk eyðileggingar á sjóförum og eldisbúnaði.

Fjarðabyggð vill ítreka að tilkynna þarf Sjómælingum Íslands um breytingar og stækkanir á staðsetningu.

Áhrif sjókvíaeldis á efnistöku af hafsbotni

Staðsetning áformaðra eldissvæða getur haft takmarkandi áhrif á efnistöku af hafsbotni og aukið þannig kostnað við landfyllingar í framtíðinni og haft þannig neikvæð áhrif á fjárhag Fjarðabyggðarhafna og annarra aðila sem vilja nýta efnisnám á hafsbotni. Eðlilegt er að þær kvaðir séu settar á starfsemi fiskeldisfyrirtækja að efnisnám sé áfram heimilt innan fiskeldissvæða, enda er efnisnám hefðbundin nýting og forsenda þess að áfram verði hægt að gera landfyllingar við hafnir með hagkvæmum hætti.

Fjarðabyggð hefur mótað sér stefnu í fiskeldi sem meðfylgjandi er umsögn þessari. Mikilvægt er að leyfisveitingar taki mið af stefnuþáttum sveitarfélagsins. Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er sett fram stefna um starfsemi fiskeldis í sveitarfélaginu. Fjarðabyggð hefur samþykkt stefnumótun fyrir fiskeldi og nýtingaráætlun fyrir firði sveitarfélagsins. Þar kemur m. a. fram að fiskeldi skuli verða bundið við þá firði sem eru í byggð og hvar atvinnustarfsemi fer fram. Hvatt er til sjálfbærrar nýtingar og að stærð eldis markist af burðarþolsmati hvers fjarðar.

Lokaorð

Sveitarfélagið telur mikilvægt að vandað eftirlit verði haft með niðurstetningu sjókvía og öðrum framkvæmdum tengdum fiskeldi í sjó. Eins og fram hefur komið í umsögnum sveitarfélagsins og annarra aðila, eru miklir hagsmunir til staðar tengdir siglingaleiðum og því verður að tryggja eftirlit með raunverulegri staðsetningu mannvirkja í sjó svo siglingaleiðum sé ekki ógnað. Þá minnir sveitarfélagið á að auka þarf eftirlit með starfsemi fiskeldis á Austfjörðum og bendir í því sambandi á að Náttúrustofa Austurlands er vel til þess fallin að annast eftirlit.

Efla þarf frekara rannsóknarstarf í tengslum við sjónræn áhrif vegna fiskeldi á Austfjörðum. Æskilegt er að ný viðhorfskönnun til sjókvíaeldis yrði framkvæmd sem fyrst á Austurlandi, í samstarfi við Fjarðabyggð, á meðal íbúa og ferðamanna.



Mikilvægt er að skoða þá þætti sem snúa að losun úrgangs frá sjókvíum sem geta haft áhrif á lífríki fjarðarins og aðra starfsemi sem fram fer í firðinum.

Einnig er bent á að taka þarf tillit til nytja á flökkustofnum uppsjávarfiska sem og bolfisks, vegna staðsetningar eldisbúnaðar. Tryggja þarf að möguleikar til nytja þeirra skerðist ekki. Fjarðabyggð hefur mótað sér stefnu í fiskeldi sem meðfylgjandi er umsögn þessari. Mikilvægt er að leyfisveitingar taki mið af stefnuþáttum sveitarfélagsins. Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er sett fram stefna um starfsemi fiskeldis í sveitarfélaginu. Fjarðabyggð hefur samþykkt stefnumótun fyrir fiskeldi og nýtingaráætlun fyrir firði sveitarfélagsins. Þar kemur m. a. fram að fiskeldi skuli verða bundið við þá firði sem eru í byggð og hvar atvinnustarfsemi fer fram. Hvatt er til sjálfbærrar nýtingar og að stærð eldis markist af burðarþolsmati hvers fjarðar. Að auki er gerð krafa um að efnahagslegur og samfélagslegur ábati af fiskeldinu nýtist sveitarfélaginu til framtíðar, flest störf í landi eru í tengslum við slátrun eldisfisksins en slík slátrun er ekki í sveitarfélaginu svo þetta markmið er ekki að fullu uppfyllt.

Valgeir Ægir Ingólfsson
Atvinnu- og þróunarstjóri


* Rafræn skilríki

Undirritað af: Valgeir Ægir Ingólfsson

Kennitala: 3110665799

Tími: 15.11.2021 17:56

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign